Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs. Undirskrifuð af konungi 8. ágúst 1885 (A nr. 10, bls. 28—29).

Auglýsing um austurlenzka kólerusótt í spánskum höfnum og í frakkneskum höfnum við Miðjarðarhafið og um bann gegn innflutningi á ýmsum hlutum þaðan til Íslands. (A nr. 11, bls. 30—31).

Reikningságrip 77

Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1884.

Tekjur:	Kr.	a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1883	66631	29
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins	2543	12
3. Borgað af lánum einstakra manna	790	49
4. Ný skuldabrjef, sem sjóðurinn hefur eignast á árinu	1000	»
Tekjur alls	70964	90

Gjöld:	Kr.	a.	Kr.	a.
1. Kennslustyrkur og uppeldisstyrkur veittur fátækum börnum í Kjalarnesþingi			2505	»
2. Lánað út á árinu			1000	»
3. Til jafnaðar móti 3. tekjulið			790	49
4. Eptirstöðvar við árslok 1884:				
a. Ríkisskuldabrjef	29190	»		
b. Skuldabrjef einstakra manna	37232	17		
c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1884	160	»		
d. Í peningum	87,24		66669	41
Gjöld alls			70964	90

Reikningságrip 78

landsbókasafnsins í Reykjavík árið 1884.

Tekjur:	Kr.	a.
1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	6765	95
2. Ársvextir af innstæðufje	259	20
3. Styrkur úr landssjóði	1600	»
4. Innleyst skuldabrjef Þórarins prófasts Kristjánssonar	430	»
Tekjur alls	9055	15

Gjöld:	Kr.	a.
1. Til þess að semja bókaskrá	457	7
2. Til bókakaupa og bókbands	844	30
3. Til ræstingar og þvotta	88	81
Flyt	1390	18

24. dag septembermán. 1885.

Reykjavík 1885. Einar Þórðarson.

78

			Kr.	a.
	Fluttar		1390	18
4.	Til hitunar		122	73
5.	Til áhalda og viðgjörða		221	85
6.	Til kand. Hallgríms Melsteðs fyrir aðstoð við útlán		120	»
7.	Brunabótagjald fyrir safnið		99	74
8.	Ýmisleg útgjöld		17	60
9.	Til jafnaðar móti 4. tekjulið		430	»
10.	Eptirstöðvar:			
	a. konungleg uppsegjanleg skuldabrjef	3250 »		
	b. innritunarskírteini Ltr. G. Fol. 120	2800 »		
	c. í sjóði hjá gjaldkera	603 5	6653	5
		Gjöld alls	9055	15

Stiptsyfirvöldin yfir Íslandi, Reykjavík 31. marz 1885.

Magnús Stephensen *P. Pjetursson.*
settur.

79 24. ágúst. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um ágrip af gjaldabókum yfir útflutningsgjald.** — Í þóknanlegu brjefi 28. jan. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, spurst fyrir um það, hvort hálfsmisseris ágrip þau, af gjaldabókum yfir útflutningsgjald af fiski lýsi o. fl. sem fyrirskipuð eru í reglugjörð 6. júlí 1882, eigi ekki að sæta sömu kjörum og útskriptir af tollgjaldabókum þeim og almennum gjaldabókum, sem fyrirskipuð eru í 11. og 12. gr. reglugjörðar 13. febr. 1873, þannig að þau beri einnig að senda amtmanni áleiðis til landshöfðingja.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar að þó að það sje ekki berum orðum tekið fram í ofannefndri reglugjörð 6. júlí 1882, virðist bezt við eiga, eptirlitsins vegna, að ágripin af gjaldabókunum yfir útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. sjeu einsog aðrir gjaldabókarútdrættir sendir amtmanni áleiðis til landshöfðingja.

80 29. ágúst. **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lán til kirkjubyggingar.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Holti í Önundarfirði og meðmælum hinna heiðruðu stiptsyfirvalda í þóknanlegu brjefi, dagsettu í gær, vil jeg hjermeð veita Holtsprestakalli í Önundarfirði 700 kr. lán úr viðlagasjóði til endurbyggingar kirkjunni að Stað í Súgandafirði, gegn því að lán þetta, auk 4% vaxta, verði endurborgað af tekjum Holtsprestakalls með 100 kr. á ári í 7 ár.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

81 29. ágúst. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um lán til byggingar alþýðuskólahúss.** — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu og samþykki yðar, herra amtmaður, fyrir amtsráðsins hönd, vil jeg hjermeð